



## Umhverfisstofnun

b/t Guðmundar B. Ingvarssonar

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Tilvísun: 1-831-216

Reykjavík, 1. júní 2011

Varðar: Urðunarstaður HULU bs. að Skógarsandi. Áhættumat vegna undanþágu frá botnþéttingu á urðunarstöðum.

HULA bs. rekur urðunarstað á Skógarsandi fyrir blandaðan heimilisúrgang og gildir starfsleyfi staðarins til 1. september 2011. HULA bs. hefur sótt um áframhaldandi leyfi fyrir starfsemi og sent Umhverfisstofnun umsókn þar að lútandi ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

Vísað er í tölvupóst Umhverfisstofnunar, dags. 21. mars 2011, þar sem fram kemur að mögulegt sé fyrir HULU bs. að sækja um heimild til undanþágu samkvæmt 25. grein reglugerðar um urðun úrgangs til að minnka kröfur og veita undanþágu við útgáfu starfsleyfis. Ákvörðun um slíka undanþágu skal byggjast á framlögðum gögnum um áhættumat í umsókn um starfsleyfi, og ef við á, í mati á umhverfisáhrifum. Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum vegna sorpförgunar byggðasamlagsins Hulu á Skógarsandi sem Skipulagsstofnun samþykkti árið 1998 (Hönnun hf, 1998: Hula Sorpförgun Byggðasamlags. Frummat á umhverfisáhrifum).

Samkvæmt 25. greininni þarf áhættumatið að sýna fram á að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðuninni, áður en heimilt er að minnka kröfur um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu og veita undanþágu frá sigvatnssöfnun. Í þessum málum hefur Umhverfisstofnun gert kröfu um að áhættumatið sé unnið samkvæmt leiðbeiningum sem SFT (Veileder om miljørisikovurdering af bunntetting og oppsamling av sigevann ved deponier, 2003), sem umhverfisstofnun Noregs, gaf út árið 2003. Þar er farið ítarlega í innihald slíks áhættumats og þau skilyrði sem urðunarstaðir þurfa að uppfylla í matinu til að geta sótt um undanþágu.

Í meðfylgjandi greinargerð er gerð grein fyrir áhættumati fyrir urðunarstaðinn á Skógarsandi og er þar m.a. stuðst við framangreindar leiðbeiningar frá Noregi.

Virðingarfyllst,

f.h. HULU bs.

Axel Valur Birgisson, Mannvit hf.